



HAFNARFJÖRÐUR

GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA

Gildir frá 1. október 2018

1. Grunngjald er kr. 3.090 á mánuði fyrir hverja klukkustunda á dag.
2. Dvalargjald umfram 8,5 klukkustundir að 9 klukkustundum skal vera kr. 4.013
3. Dvalargjald umfram 9 klukkustundir skal vera kr. 7.000 fyrir hverja hálf klukkustund.
4. Gjald fyrir morgunhressingu er kr. 1.762, síðdegishressingu kr. 1.762 og hádegisverð kr. 5.013
5. Lágmarksdvöl miðast við fjórar klukkustundir á dag.
6. Veittur er viðbótarafsláttur í ljósi tekna foreldra/forráðarmanna, 20% eða 40%, í samræmi við eftirfarandi tekjuviðmið.

Einstaklingur

0 til 4.294.104 kr. -(allt að á mánuði 357.842 kr.)	40%
4.294.105 til 5.152.924 kr. - (allt að á mánuði 429.410 kr.)	20%

Í sambúð

0 til 6.011.744 kr. - (allt að á mánuði 500.979 kr.)	40%
6.011.745 til 7.214.094 kr. - (allt að á mánuði 601.174 kr.)	20%

Afsláttur er reiknaður út frá álagningu ársins á undan það er samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10). Ef tekjur hafa breyst á árinu skal skila inn gögnum um tekjur sl. þriggja mánaða.

Viðbótarafsláttur er ekki leiðréttur nema umsókn hafi borist fyrir 20. síðast liðins mánaðar. Alltaf skal greiða fullt verð fyrir fæði.

7. Systkinaafsláttur er veittur vegna systkina sem eru samtímis í leikskóla eða hjá dagforeldri. Skilyrði er að systkinin hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá. Afsláttur reiknast af almennu dvalargjaldi, fyrir hvert barn umfram eitt. Fyrir yngsta systkini er greitt fullt gjald, en eftirfarandi afsláttur er veittur fyrir önnur systkini:
 - I. Fyrir annað systkini 50 % afsláttur.
 - II. Fyrir þriðja systkini 75 % afsláttur.
 - III. Fyrir fjórða systkini 100 % afsláttur.

Alltaf skal greiða fullt verð fyrir fæði.

8. Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram, gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 15. hvers mánaðar.
9. Gagnkvæmur skriflegur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar.
10. Greitt er fyrir leikskólavistina þó barn sé fjarverandi stöku daga.
11. Hægt er að sækja um breytingar á dvalarsamningi hjá leikskólastjóra með mánaðarfyrirvara á þar til gerðu eyðublaði og miðast allar breytingar við 1. eða 15. hvers mánaðar eða eftir nánari samkomulagi við leikskólastjóra.